



upplýsingar



Upplýsingar fyrir byrjendur í módeiflugi

Hvað er módelflug?

Módelflug er nútímaíþrótt fyrir alla fjölskylduna; fræðandi og skemmtilegt tómstundagaman. Tæknibylting undanfarinna áratuga hefur sett mark sitt á þá þróun sem orðið hefur á þeim rafeinda- og tæknibúnaði sem notaður er til að knýja og stýra smáflugvélum þeim sem í daglegu tali eru kallaðar flugmódel. Þessi þróun hefur haft það í för með sér að það er nú á hvers manns færi að iðka þessa íþrótt, sem farið hefur sigurför um heiminn.

Flug með fjarstýrðum flugvélum lýtur sömu lögmálum og flug á mannbærum flugvélum. Fjarstýrt flug er því aðeins ein tegund flugs, þar sem flugmaðurinn er einnig áhorfandi, en aldrei farþegi. Það er útbreiddur misskilningur að þessi tegund flugs sé aðeins fyrir börn og unglinga. Módelflug er fyrir alla sem unna flugi, karla, konur og börn. Flugmódel eru af ýmsum gerðum, allt frá litlum svifflugum til stórra vélfluga í mælikvarða 1:3.

Vænghaf flugmódel á Íslandi er allt að 4 metrar og mótórar eru allt að 6 hestöfl. Módelflug hentar Íslendingum afar vel. Hér er hjart um sumarnætur til flugs og útiveru í góðra vina hópi, og fátt annað fær dimm og drungaleg vetrarkvöld til að líða með ljósraða eins og að sitja við smíðar á óskaflugvélinni. Hér er ekkert kynslóðabil. Feður og synir, mæður og dætur vinna saman við smíðar og flug, og njóta þeirrar gleði og ánægju sem flugið eitt getur veitt.

Mig langar til að fljúga fjarstýrðri flugvél, hvernig byrja ég?

Gamalt máltæki segir “sígandi lukka er best”. Þetta á vel við um módelflug, því auðvelt er að ætla sér um of. Ef vel á að takast til er mjög áriðandi að byrja rétt og og fara að ráðum þeirra sem náð hafa tökum á íþróttinni. Þess vegna er lang best að byrja á því að tala við þá sem hafa nokkra reynslu og hafa lært af öllum þeim mistökum sem þeir hafa gert. Til dæmis er fróðlegt að fara út á módelflugvöll á góðviðrisdegi og horfa á menn fljúga. Mörg tímarit um módelflug fást hér á landi, í bókabúðum, en þau eru flest á ensku. Síðast og ekki síst er rétt að gerast félagi í flugmódelfélagi og sækja fundi, það er ekki skylda að vera félagi til að sækja fundi og allir velkomnir sem áhuga hafa á módelflugi. Flugmódelfélagið Þytur er með símsvara, eða öllu heldur fréttastöð, í síma 562-29-10. Þar eru upplýsingar um það sem er á döfinni, svo sem mót og fundi. Prófaðu að hringja!

Hvernig byrjendamódel er best?

Bestu flugmódelin fyrir byrjendur hafa þann eiginleika að þau fljúga næstum sjálf. Ef flugmanni verða á mistök er oft nóg að sleppa stýripinnunum og módelið réttir sig

af. Þannig flugmódel er háþekja (vængur ofan á skrokk) af miðlungsstærð. Vængur er flatbotna og án hallastýra. Módelið er smíðað úr balsa og með væng sem byggður er sem grind. Vængur er töluvert uppsveigður. Mótórstærð er um 6,5 rúmsentimetrar eða 0,40 rúmtommur, en þannig mótórar er oft kallaðar „40“ mótórar. Það er mjög fróðlegt að koma í heimsókn út á Hamranes fyrir sunnan Hafnarfjörð og spyrja menn þar með reynslu af módelflugi.

Hvort er betra að kaupa tilbúið módel eða smíða sjálfur?

Hægt er að kaupa meira og minna tilbúin módel sem aðeins þarf að setja fjarstýringu og mótórar í. Kosturinn er vissulega sá að hægt er að gera módelið flughæft á einni viku, en ókostir eru samt ýmsir. Til dæmis er mun erfiðara að lagfæra þannig módel eftir óhapp en módel sem smíðað er úr balsa. Tilbúin módel eru auk þess töluvert dýrari en ósamsett. Byrjendum er því ráðlagt að smíða sjálfir sitt módel, enda veitir það einnig mun meiri ánægju, auk þess sem menn læra meira á því.

Er erfitt að smíða módel?

Það er ekki erfitt ef menn eru sæmilega handlaggir. Aðalatriðið er að gefa sér tíma og skoða vel leiðbeiningarnar áður en lím er borið á. Það er alveg ótrúlegt hvaða vitleysu hægt er að gera þegar maður er að flýta sér! Reikna má með að smíðatími byrjendamódelis sé 50 til 70 tímar, eða t.d. 5 tímar á viku í 3 mánuði. Aðalatriðið er að vængurinn sé ekki undinn og að skrokkurinn líkist ekki banana. Það er ómögulegt að fljúga skökku módeli. Kennslumódel verða yfirleitt fyrir miklu hnjaski og láta fljótt á sjá, svo að ekki er þörf á að leggja mikla vinnu í skreytingar. Rétt er þó að klæða það áberandi litum svo það sjáist vel. Benda skal þó á að það er ekki á færi neins byrjenda að fljúga módeli að sjálfsdáðum, það er nauðsynlegt að fá tilsögn fyrstu flugin, annars getur farið illa og eintómur tími í viðgerðir í stað ánægju af því að fljúga. Til smíðinnar þarf þessi áhöld:

- ◆ Flatt smíðaborð sem hægt er að reka títuþrjóna í.
- ◆ Módelhníf ásamt nokkrum blöðum nr. 11.
- ◆ Lítil skrufujárn, töng og etv. önnur smáverkfæri.
- ◆ Títuþrjóna (helst T-þrjóna eða aðra sterka).
- ◆ Sandpappír nr. 100 og 300 ásamt klossa.
- ◆ Þvottaklemmur og teygjur til að halda hlutum saman við límingu.
- ◆ Lóðbolta og tin.
- ◆ Straujárn til að festa filmu á skrokk og vængi.
- ◆ Lím: Hvítt trélím er ágætt og ódýrt. Sekúndulím getur flýtt fyrir. Epoxylím er gott að nota þar sem áraun er mikil.

Hvaða stærð er hentugust?

Hentug stærð á byrjendamódeli er fyrir 6,5 rúmsentímetra (0,40 rúmtommu) mótör, eða svokallaðan „40“ mótör. Vænghaf um 150 cm. Módel fyrir „25“ eða minni mótör er óþægilega lítið. ATH að það er hægt að færa mótora á milli flugvéla einnig fjarstýribúnaðinn.

Hvernig fjarstýringu er best að byrja með?

Til eru fjarstýringar af ýmsum gerðum. Fyrir byrjendur eru 4-rása FM fjarstýringar nægilega góðar. Fjarstýringin þarf að vinna á 35MHz tíðnisviðinu, sem er frátekið fyrir flugmódel. Ekki má nota þannig fjarstýringu fyrir báta eða bíla. Sumir hafa fallið í þá freistingu að kaupa fjarstýringu erlendis og ætla að spara nokkrar krónur, en sjá svo eftir því þar sem erfitt er að fá varahluti og aukahluti í þannig tæki hér á landi. Þær fjarstýringar sem eru seldar hér á landi hafa verið prófaðar af Fjarskiptaefirlitinu, og eru því af hæsta gæðaflokki. Mikilvægt er að bæði sendirinn og móttakarinn séu með hleðslurafhlöðum og að hleðslutæki fylgi tækjunum. Varist að nota rafhlöðuhylki með lausum rafhlöðum, því þannig frágangur þolir illa titring frá mótör.

Hvað kostar að byrja?

Stofnkostnaður er kanski nokkuð mikill, en hafa verður í huga að t.d. mótör og fjarstýringu geta menn átt árum saman. Sjálfsagt er að dreifa kostnaðinum eftir því sem smíðinni miðar áfram. Byrja má á því að kaupa módel og setja það saman. Nokkrum mánuðum síðar þarf að kaupa filmu og smáhluti. Nokkru síðar mótör og síðast fjarstýringu. Kostnaðinum má þannig dreifa á t.d. hálf t.á. Hér á eftir eru nokkur dæmigerð verð:

- ◆ Byrjendamódel; Ósmíðað frá kr. 7.000,- og upp í kr. 20.000,- fyrir að mestu tilbúna vél.
- ◆ Filma, lím og smáhluti; kr. 7.000,-
- ◆ “40” mótör; kr. 15.000,-
- ◆ Fjögurra rása fjarstýring; kr. 20.000,-40.000
- ◆ Eldsneyti og helstu tól til að gangsetja mótör; kr.5.000,-

Samtals eru þetta um 50 - 70.000,-.

ATHUGIÐ: Ekki er tekin nein ábyrgð á verðum sem birt eru hér á síðunni þetta er meira til viðmiðunar!

Er erfitt að fljúga módeli?

Það er mun erfiðara en maður gæti haldið! Allmargir módelflugmenn hafa lært að fljúga alvöru flugvélum, og þeim kemur saman um að um fjórum sinnum erfiðara sé að stýra flugvél utan frá en innan frá. Hvers vegna? Jú,

stýrin eru sífellt að breyta um hegðun þegar módeli er flogið. Þannig verður hægri að vinstri og öfugt þegar snúid er við og flogið til baka. Öllu snúnara verður það þegar flogið er á hvolfi; þá víxlast upp og niður, stundum hægri og vinstri, en ekki á sama hátt hjá hallastýri og hliðarstýri. Reikna má með að það taki allt að 10 flug með kennara að ná nokkrum tókum á byrjendamódeli, og er þá hvert flug um 15 mínútur. Næstu flug ganga síðan væntanlega hálf brösótt, sérstaklega flugtak og landingar. Námi er þó ekki lokið þá, og eru menn ekki orðnir sæmilega færir fyrir en eftir um 50 flug. Oft koma fyrir óhöpp, sérstaklega í byrjun, og verða menn að taka því með jafnaðargeði. Vel notað byrjendamódel verður fyrir miklu hnjaski og er oft orðið marglímt og bætt áður en það hefur náð að skila hlutverki sínu. Menn verða ekki góðir í módelflugi fyrir en eftir nokkuð langa þjálfun.

Hve langt dregur fjarstýringin?

Meira en 1000 metra í lofti ef hún er í lagi, en módelið sést ekki vel ef það er lengra í burtu en 300 til 500 metra.

Hve hratt flýgur módelið?

Byrjendamódel allt að 70 km/klst, listflugvél 100 til 150 km/klst, hraðfleyg listflugvél allt að 200 km/klst, þota allt að 350 km/klst.

Hvað gerist ef mótörinn drepur á sér?

Yfirleitt er mjög auðvelt að láta módelið svífa örugglega til jarðar eins og svifflugur, en öll stjórn tæki virka áfram og eru drifin af rafhlöðu sem tengist stjórnbúnaðinum.

Þarf leyfi til að fljúga flugmódeli?

Nei. Einungis módelfélögin gera þá skyldu til þeirra sem fljúga á sérstökum módelvöllum að verið sé í viðurkenndu módelfélagi, og að það félag sé með tryggingu fyrir sína félagsmenn.

Þarf að kaupa tryggingar?

Félagar í Þyt eru sjálfkrafa aðilar að hóþryggingu, sem tryggir þá ef þeir verða bótaskyldir vegna tjóns sem þeir valda. Hámarksbætur eru í dag sambærilegar við ábyrgðartryggingu bifreiða. Enginn ætti að fljúga ótryggður, því hann gæti orðið öreigi ef hann veldur slysi; dæmi eru um það erlendis. (Módelflug getur valdið slysum.)

Get ég kennt mér sjálfur að fljúga?

Nei. Þó er það rétt hugsanlegt ef menn byrja með mjög auðveldu svifflugur. **Útilokað er að fljúga vélflugur hjálparlaust í byrjun.**

Þarf ég kennara og hvar fæ ég hann?

Þetta er góð spurning, en erfitt að svara henni svo vel sé! Þetta hefur þó aldrei reynst vera vandamál, því móðelflugmenn eru mjög hjálpsamir. Best er að fara út á flugvöll nokkrum sinnum og fylgjast með mönnum. Fljótlega kynnast menn félögum og sjá hverjir eru sæmilegir flugmenn. Sjálfsagt er að skýra frá því að maður sé að smíða módel og vilji fá einhvern til að prufufljúga því. Þegar komið er með módelið út á völlum þarf vanur maður að yfirfara það mjög vandlega. Hann þarf meðal annars að athuga hvort límingar séu traustar, jafnvægispunktur á réttum stað (mikilvægt) og hvort stýrifletir hreyfist rétt. Vel getur farið svo að þú þurfir að fara með módelið aftur heim og lagfæra eitthvað, því reynslan hefur kennt okkur að ef eitthvað er ekki í fullkomnu lagi, þá er voðinn vís. Eftir að mótór hefur verið tilkeyrður er síðan hægt að prufufljúga módelinu, og þú færð vafalítið að prófa smá stund! Framhaldið kemur síðan af sjálfu sér, en mikilvægt er að fá mann með töluverða reynslu til að hjálpa þér af stað. Þannig menn fljúga mikið og eru því oft úti á flugvelli. Einnig er hægt að hafa samband við stjórn Flugmóðelfélagsins Þyts, en þar er boðið upp á flugnámskeið á flugmódelum sem félagið hefur til þeirra nota.

Nokkrir punktar um flugeðlisfræði

Loftaflsfræði: Til að fljúga flugvél (módeli) þarf vængurinn að yfirvinna þyngdaraflið með því að skapa meiri lyftigetun en nemur þyngd vélarinnar. Þar sem vængurinn getur það ekki í kyrrstöðu þarf mótór til að drífa vélina áfram. Loftflæði um vænginn skapar lyftigetun sem heldur henni á lofti og þarf það að yfirvinna mótstöðuaflið sem vélin skapar og þyngd hennar til að hún fljúgi.

Staðsetning á væng: Staðsetning á væng flugvélar er yfirleitt yfir eða undir flugvélarbúknum sem skiptir módelum í háþekjur (vængur ofaná bók) og lágþekjur (vængur undir bók). Á háþekju er mestöll þyngd móðelsins undir vængnum og leitast til að rétta það af í lárétt flug. Háþekjur eru því yfirleitt stöðugri og auðveldari að fljúga og betri kostur fyrir byrjendur. Lágþekja er með mestalla þyngdina fyrir ofan vænginn og ekki eins stöðug í flugi. Þær eru aftur betri kostur þegar um er að ræða listflugsæfingar.

Vænglag: Ef að vængur flugvélar er skorinn eftir miðju frá fremri brún að þeirri aftari er það sem sést kallað vænglag. Það eru til þrjár aðalflokkar í vænglagi. Vængur með flötum botni skapar mesta lyftigetun á lægsta hraða móðelsins og er kjörinn fyrir þá sem eru byrjendur í flugi. “Simmetrical” vænglag er með sama form að ofan og neðan og skapar sömu lyftigetun hvort sem módelið er lárétt eða á hvolfi og er því kjörið fyrir listflugvélar. Að síðustu er um að ræða það sem kallað

er Semi-symmetrical vænglag sem er blanda af hinum tveimur og sameinar góða lyftigetun og möguleika á listflugi til skemmtunar fyrir byrjendur.

Vængflötur/vænghleðsla: Vængflötur er sá heildarflötur vængs sem getur skapað lyftigetun. Vænghleðsla er sú þyngd sem vængur móðels þarf að geta lyft til að það fljúgi. Lítil vænghleðsla er best fyrir byrjendur, módelir virkar þá betur og er auðveldara til að stjórna.

Vænghorn: Vænghorn er hornið sem er á milli vængs og búks móðels. Því meira sem vænghornið er, því stöðugra er módelið, en um leið skerðast möguleikar til listflugs (flestar listflugvélar eru með lítið sem ekkert vænghorn).

Vængþykkt: Vængþykkt er mæld frá efsta hluta vængjar til þess neðsta. Vængþykkt ræður hversu mikið loftdrag myndast og hefur mikil áhrif á flughraða. Þykkur vængur skapar mikið drag, dregur úr hraða og mýkir “stoll” (þegar vængur missir lyftigetun og módelið dettur á nefið). Þunnur vængur gefur möguleika á miklum hraða og snöggu “stolli” sem er ákjósanlegt fyrir listflugmódel.

Staðsetning lendingarhjóna: Þriggja hjóna lendingarbúnaður með nefhjóni er kjörinn fyrir byrjendur, en stélahjónsbúnaður er erfiðari að eiga við í flugtaki og landingu.

Flughermar.

Á síðustu árum hafa komið fram flughermar sem líkja eftir flugi móðela. Einn slíkur er frá Dave Brown, og hefur hann verið prófaður hér á landi og reynst vel. Ef menn æfa sig vel með slíkum flughermi fyrir fyrsta flug, er líklegt að flugnámið gangi mun betur, og líkur á óhöppum í byrjun verða miklu minni. Fjárfesting í móðelflughermi getur auðveldlega borgað sig á einu sumri!

Þyrlur

Mun erfiðara er að fljúga módelþyrlu en venjulegu vængjuðu módeli. Það er því ráðlegt að læra fyrst á venjulegt módel.

Hvaða flugmóðelfélög eru á Íslandi?

Þyrtur er stærsta félagið og eru í því félagar meira og minna frá öllu landinu. Á Akureyri er Flugmódelklúbbur Akureyrar, og á Suðurnesjum er Flugmódelklúbbur Suðurnesja. Á Akranesi eru allmargir móðelflugmenn. Þyrtur hefur heimilisfangið: Pósthólf 5219, 125 Reykjavík. Upplýsingasími er 562-29-10. Og einnig Tölvupóstfang hjá Íslandia: thyrtur@islandia.is

Á félagaskrá Þyts eru um 150 manns á aldrinum 10 ára til sextugs. Virkir félagar eru þó nokkuð færri.

Hvað kostar að vera í flugmóðelfélagi?

Félagsgjald í Þyt er krónur 5.000,-. Vilji menn nota aðstöðuna á Hamranesi fyrir sunnan Hafnarfjörð kostar það 7.000,- til viðbótar. Þeir sem eru 16 ára og yngri greiða aðeins 60% gjalds. Einnig hefur komið til álita að unglingar geti unnið af sér félagsgjaldið t.d. með því að raka, mála húsið o.f.l. Einnig hefur það tíðkast að byrjendur greiði eitt gjald kr 5000,- á meðan þeir eru að nema fræðin en það er aðeins hægt einu sinn (eitt ár)

Flugmóðelfélagið Þytur.

Þó flugmóðelfélagið Þytur hafi ekki verið stofnað fyrr en 1970 hefur móðelflug verið stundað á Íslandi síðan fyrir seinni heimstyrjöldina. Flugmóðelfélagið Þytur er aðili að Flugmálafélagi Íslands.

- Gangi þér vel! -

Hvar eru móðelflugvellir?

◆ Hamranesflugvöllur:

Þetta er stærsti móðelflugvöllur landsins, og með þeim glæsilegri í heiminum. Núvirði framkvæmda á svæðinu er um 10 milljón krónur svo að greiða verður fyrir afnot.

Leiðarvísir:

Ekið er suður í gegn um Hafnarfjörð, þegar komið er lítið eitt yfir hæðina við kirkjugarðinn þá skal tekin hægri beygja og farið undir brúna sem er á Reykjanesbrautinni þar er íþróttasvæði Hauka Hafnarfirði. Ekið er áfram þann veg um 2,5 km leið (um 300 metrum lengra en háspennulínan og gula spennistöðin) uns komið er að malarvegi sem liggur til vinstri. Á skilti á vegamótunum stendur "Hamranesflugvöllur". Eftir þessum vegi er ekið til norðausturs um 1 km, þar til komið er að flugvöllinum. Einnig er hægt að aka Kaldárselsveg og síðan fram hjá Hvaleyrarvatni.

◆ Pálsvöllur:

Þetta er grasvöllur skammt frá Sandskeiði. Hann hefur aðallega verið notaður fyrir svifflug. Þar er öllum félögum í Þyt frjálst að vera án gjalds.

Leiðarvísir:

Ekið er í átt til Sandskeiðs og inn á Bláfjallaveg. Á móts við hliðið inn á Sandskeið er beygt af Bláfjallavegi til hægri og ekið eftir vegarslóða um 1 km. (ónákvæmt). Vegurinn liggur fyrst hornrétt á Bláfjallaveginum, en sveigir síðan í átt að skíðasvæðinu. Um það bil miðja vegu er komið að stórum hraunkletti og er haldið áfram eftir veginum um 500 m. þar til komið er að flugvöllinum.

◆ Keflavíkurflugvöllur:

Þetta er hinn eini og sanni Keflavíkurflugvöllur! (Stóri flugvöllurinn er ekki í Keflavík, heldur á Miðnesheiði). Þarna hafa móðelflugmenn á Suðurnesjum gert góðan móðelflugvöll.

Leiðarvísir:

Ekið er í gegn um Keflavík í átt til Garðs. Skömmu eftir að komið er út úr byggðinni (1000 m.) sést völlurinn hægra megin vegarins.

◆ Melgerðismelar Akureyri:

Þessi völlur er fyrir vélflug, svifflug og móðelflug. Svæðið er rekið meðal annars af Flugmóðelfélagi Akureyrar. Hafið samband við þá ef ykkur langar til að prófa völlinn. Þetta var á sínum tíma aðalflugvöllur Norðurlands.

Leiðarvísir:

Ekið um 20 km til suðurs frá Akureyri inn í fjörðinn. Þegar komið er að Edduhótelinu (Hótel Vin) að Hrafnagili er leiðin um það bil hálfnuð. Sjá nánar á vegakorti, þar sem vegurinn greinist nokkuð á leiðinni. Völlurinn er á vinstri hönd og fer varla fram hjá mönnum, því þar er m.a. stórt flugskýli.

Flugmóðelfélagið Þytur.

Þó flugmóðelfélagið Þytur hafi ekki verið stofnað fyrr en 1970 hefur móðelflug verið stundað á Íslandi síðan fyrir seinni heimstyrjöldina. Flugmóðelfélagið Þytur er aðili að Flugmá lafélagi Íslands.

Markmið þess er meðal annars:

Lög flugmóðelfélagsins Þyts

1. grein - FÉLAGIÐ

Félagið heitir Þytur og er samband áhugamanna um flug og smíði flugmóðela. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein - MARKMIÐ.

1. Að efla áhuga á smíði og flugi flugmóðela.
2. Að efla almenna þekkingu á flugi og þá einkum móðleflugi.
3. Að stofna til keppni í hinum ýmsu greinum móðelflugs.
4. Að tryggja félagsmenn fyrir hugsanlegu tjóni sem flugmóðel kunna að valda samkvæmt skilmálum tryggingaskírteina.

3. grein - FÉLAGAR.

Allir áhugamenn um móðelflug geta orðið félagar í Þyt. Umsækjandi telst félagi er stjórn félagsins hefur staðfest umsókn hans og hann greitt félagsgjald.

4. grein - AÐALFUNDUR.

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda fyrsta fimmtudag í nóvembermánuði ár hvert. Aðalfundur skal boða breflega með tveggja vikna fyrirvara og telst aðalfundur lögmætur ef 35% skuldlausra félagsmanna eru mættir. Nú er aðalfundur ólögmætur vegna ónógrar þátttöku og skal þá boðaður annar fundur með sama fyrirvara sem telst lögmætur hafi hann verið boðaður í samræmi við reglur félagsins.

5. grein - DAGSKRÁ AÐALFUNDAR

1. Skýrsla formanns um störf félagsins á liðnu starfsári.
2. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda.
4. Skýrslur nefnda.
5. Kosning formanns samkvæmt ákvæðum 7.gr.
6. Kosning ritara, gjaldkera og meðstjórnenda samkvæmt ákvæðum 7.gr.
7. Kosning endurskoðenda.
8. Kosning í nefndir.
9. Tillögur og lagabreytingar.
10. Önnur mál.

Aðalfundur ákveður inntöku og árgjald félagsins.

Kosningarétt og kjörgengi á aðalfundi hafa allir skuldlausir félagar. Atkvæði eru óframseljanleg. Kosningar skulu vera skriflegar nema fundurinn samþykki annað. Reikningaskil og fjárhagsáætlun skulu liggja frammi a.m.k. viku fyrir aðalfund.

6. grein - FÉLAGSGJÖLD

Félagsgjöld skiptast í þrjá flokka, almenn félagsgjöld, ungmennagjöld og nýliðagjöld. Almennir félagsmenn greiða félagsgjald eins og það er ákveðið á aðalfundi hverju sinni. Ungir félagsmenn greiða einn fjórða af félagsgjaldi eins og það er ákveðið á aðalfundi. Ungir félagsmenn eru þeir sem verða 18 ára eða yngri á viðkomandi félagsári. Nýjir félagar eldri en 18 ára greiða hálf félagsgjald fyrsta árið. Þeir sem ganga í félagið í september til og með desember greiða félagsgjald næsta árs á eftir.

Þeir sem hafa greitt félagsgjald hafa rétt til að nýta sér alla aðstöðu félagsins að Hamranesi. Heiðursfélagar greiða ekki félagsgjöld en hafa sömu réttindi og aðrir skuldlausir félagar.

Þeir félagsmenn sem greiddu flugvallargjöld fyrirfram til og með ársins 2000 (“brautaraðild”) teljast hafa greitt sjö þúsund krónur upp í félagsgjald ársins 2000. Þessi málsgrein fellur sjálfkrafa út úr lögnum árið 2001. Þeir félagsmenn sem greiddu félagsgjöld fyrirfram þegar flugstöðin var byggð (“ævifélagar”) teljast hafa greitt fimm þúsund krónur upp í félagsgjöld ársins 2000. Þessi málsgrein fellur sjálfkrafa út úr lögnum árið 2001.

Þeir félagsmenn sem framvísa félagsskírteinum í Þyt sem gilda út árið 2001 við gjaldkera félagsins, þegar félagsgjöld ársins 2001 eru innheimt, teljast hafa greitt fimmþúsund krónur upp í félagsgjöld ársins 2001 ef skírteinið gildir fyrir ævifélaga og/eða sjö þúsund krónur upp í félagsgjöld ársins 2001 ef skírteinið gildir fyrir brautaraðild. Þessi málsgrein fellur sjálfkrafa út úr lögnum árið 2002.

7. grein - SAMÞYKKT MÁLA Á AÐALFUNDI
Á aðalfundi þarf einfaldan meirihluta til samþykktar mála. Tillögur um lagabreytingar skal senda stjórn félagsins með ábyrgðarbréfi, eða á annan sannanlegan hátt, minnst 30 dögum fyrir aðalfund. Tillögur um lagabreytingar sem afgreiða skal á aðalfundi skulu fylgja fundarboði aðalfundar.

Til samþykktar á lagabreytingum og til sölu á fasteignum þarf þó 2/3 hluta atkvæða þeirra sem mættir eru á aðalfundi og skulu fundargerðir undirritaðar af fundarstjóra og formanni.

8. grein - NÁMSKEIÐ

Stjórn félagsins hefur heimild til þess að halda námskeið á vegum félagsins. Námskeiðsgjöld fara til viðhalds á kennslubúnaði félagsins. Þeir sem greiða fyrir námskeið verða félagar í Þyt og greiða ekki sérstakt félagsgjald, umfram námskeiðsgjaldið fyrsta árið.

9. grein - STJÓRN

Stjórn félagsins skipa fimm menn. Formaður, ritari, gjaldkeri, og tveir meðstjórnendur og sitja þeir alla stjórnarfundir.

Aðalfundur kýs formann, ritara og einn meðstjórnanda þau ár sem enda á jafnri tölu, en gjaldkera og einn meðstjórnanda þau ár sem enda á oddatölu. Ritari skal gegna störfum formanns í forföllum hans.

10. grein - STJÓRNARFUNDIR

Stjórnarfundur er löglegur ef minnst þrjú stjórnarmenn eru mættir, þ.m.t. annað hvort formaður eða ritari. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

11. grein - SKULDBINDINGAR

Formaður og gjaldkeri ásamt einum meðstjórnanda skuldbinda félagið með undirskriftum sínum.

12. grein - TJÓN VEGNA MÓDELFLUGS

Félagið ber ekki ábyrgð á slysum eða tjóni, sem hljótast kunna vegna módelflugss.

13. grein - BOÐUN FÉLAGSFUNDA

Stjórnin boðar til félagsfundar með dagskrá eftir því sem ástæða þykir til. Skyld er að halda félagsfundum ef tveir stjórnarmenn eða 10 félagsmenn krefjast þess, og skal fundurinn boðaður með viku fyrirvara. Félagssfundir geta hnekkst ákvörðun stjórnar.

14. grein - FLUGMÁLAFÉLAG ÍSLANDS.

Þytur er aðili að Flugmálafélagi Íslands. Stjórn félagsins situr þing Flugmálafélags Íslands, sem haldið er annað hvert ár og skipar með sér þann fjölda fulltrúa sem félagið hefir rétt á hverju sinni samkvæmt lögum FMÍ.

15. grein - FJÁRMÁL.

Reikningsárið er frá 1. september til 31. ágúst ár hvert. Reikningar félagsins skulu vera endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum. Ársreikningur skal liggja frammi minnst viku fyrir aðalfund og borinn fram til samþykktar á aðalfundi. Einnig skal á aðalfundi leggja fram sérstakan lista yfir eignir félagsins. Ekki er heimilt að selja eða gefa eignir félagsins sem eru á listanum nema með samþykki 2/3 mættra félaga á félagsfundum, enda komi fram í fundarboði að til standi að ráðstafa eignum félagsins.

16. grein - ÚRSÖGN OG BROTTVIKNING.

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og send félagsstjórn. Úrsögnin tekur gildi einum mánuði eftir að hún berst stjórninni. Félagar sem ekki hafa greitt árgjöld sín til félagsins í tvö ár eða lengur, skulu strikaðir út af skrá þess, enda hafi skrifleg greiðsluáskorun verið send. Stjórnin getur vikið féлага úr félaginu, en ákvörðun þeirri er heimilt að áfrýja til næsta aðalfundar.

17. grein - FÉLAGSSLIT.

Félaginu verður aðeins slitið á aðalfundi, sem sérstaklega hefur verið boðaður í því skyni og verður a.m.k. helmingur atkvæðisbæra félagsmanna að vera mættur og ¾ hlutar fundarmanna að samþykka slit þess. Verði félagsslit ákveðin, skal Bæjarstjórn Hafnarfjarðar falin umsjón eigna félagsins, þar til annað félag í sama tilgangi yrði stofnað og ganga eignir þá til hins nýja félags.

Síðast breytt á framhaldsaðalfundi Þyts í Garðaskóla, Garðabæ fimmtudaginn 2/12/1999.

Keppnir

Keppnir sem Þytur heldur eru samkvæmt alþjóðlegum reglum FAI (Federation Aeronautique Internationale). Keppt er í svifflugi (hástart F3B, hang F3F) og listflugi (F3A). Einnig eru reglulega haldnar lendingakeppnir og flugkomur. Mótaskrá flugmódelmanna

Upplýsingar um hvað er á döfinni hverju sinni er hægt að fá í símsvara 5622910.

Þytur hefur komið upp glæsilegri aðstöðu til módelflugss fyrir sunnan Hafnarfjörð. Á Hamranesflugvelli eru malbikaðar flugbrautir og félagsheimili. Þangað eru gestir og gangandi velkomnir.

Stjórn Þyts 2000-2001 skipa: Formaður er Guðmundur G. Kristinsson, gjaldkeri er Jón Erlendsson, ritari er Böðvar Guðmundsson, meðstjórnendur eru Jól Schmith og Steinþór Agnarsson.